

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/348****2021/EES/37/06****frá 25. október 2018**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru viðmið til að meta hvaða áhrif fall stofnunar hefur á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og aðstæður til fjármögnunar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB, og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að ákvarða hvort aðildarríki ættu að veita stofnunum í lögsögum sínum heimild fyrir einfölduðum skyldum er þess krafist í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að þessi aðildarríki tryggi að lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld meti þau áhrif sem fall stofnunar gætu haft, vegna nokkurra þátta sem tilgreindir eru í þeirri grein.
- 2) Það mat ætti að vera sjálfstætt og ekki ákvarða fyrirfram neitt annað mat á vegum skilastjórnvalda, þ.m.t. einkum hvers konar mati á skilabærni stofnunar eða samstæðu, eða því hvort skilyrðin fyrir skilameðferð, sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ⁽²⁾, séu uppfyllt.
- 3) Skilgreiningin á viðmiðunum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ætti að vera hagnýt, skilvirk og árangursrík. Því ætti að meta áhrifin sem fall stofnunar getur haft, í fyrsta lagi á grundvelli meginlegra viðmiða og síðan á grundvelli eigindlegra viðmiða. Almennu ætti mat á grundvelli eigindlegra viðmiða eingöngu að vera framkvæmt ef mat á grundvelli meginlegra viðmiða leiðir ekki til þeirrar niðurstöðu að, með tilliti til þeirra áhrifa sem fall stofnunarinnar gæti haft, þörf sé á heildstæðum skyldum en ekki einungis einfölduðum skyldum.
- 4) Til að tryggja að þessari reglugerð sé beitt á samræmdan og árangursríkan hátt ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að meta meginlegu viðmiðin út frá sameiginlegu viðmiðunarmarki Sambandsins í formi meginlegra heildarstiga. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að reikna þau heildarstig út í samræmi við nokkra vísa og nota til þess gildi úr gildandi ramma um skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 ⁽³⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 63, 4.3.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtið. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtið. ESB L 191, 28.6.2014, bls. 1).

- 5) Til að tryggja æskilegt jafnvægi með tilliti til vænts hlutfalls stofnana sem ekki eru hæfar fyrir einfaldaðar skyldur innan aðildarríkjanna og dreifingar stofnana sem ekki eru hæfar innan Sambandsins, ætti viðmiðunarmark Sambandsins vegna hinna meginlegu heildarstiga fyrir lánastofnanir að jafnaði að vera sett við 25. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu þó að geta hækkað eða lækkað þetta 25 heildarstiga viðmiðunarmark og sett það á bilinu 0 til 105, með hliðsjón af sérkennum bankageira aðildarríkisins. Bankageiri þar sem er mjög mikil samþjöppun getur réttlætt hærri viðmiðunarmark en á hinn bóginn geta margar litlar stofnanir sem tengjast fáum stórum stofnunum leitt til lægra viðmiðunarmarks. Með viðmiðunarmarkinu ætti að nást rétt jafnvægi á milli uppsafnaðs heildarvirðis eigna lánastofnana sem gætu verið hæfar fyrir einfaldaðar skyldur í tilteknu aðildarríki og lánastofnana sem ekki væru hæfar á grundvelli hins meginlegra mats.
- 6) Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að nota viðeigandi nálgunargildi á grundvelli landsbundinna, góðra reikningsskilavenja (GAAP), ef þau fá ekki gildi vísanna frá stofnunum sem hluta af skýrslugjöf til eftirlitsyfirvalda. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að geta sett gildi viðkomandi vísa á núll ef greiningin á nálgunargildum reynist óhóflega íþyngjandi. Sá möguleiki ætti þó að einskorðast við stofnanir sem ekki skila inn sniðmáti 20 á grundvelli 4. mgr. 5. gr. a framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 680/2014, vegna þess þær fara ekki yfir viðmiðunarmarkið sem um getur í þeirri grein.
- 7) Til að tryggja að aðferðin sem notuð er í þessari reglugerð sé í fullu samræmi við meðalhófsregluna, og til að komast hjá óhóflegri byrði, ætti að vera mögulegt að meta litlar lánastofnanir með meginlegum aðferðum eingöngu á grundvelli stærðar sinnar. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu því að geta komist að þeirri niðurstöðu að ólíklegt sé að fall lítillar lánastofnunar hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, án þess að reikna út meginleg heildarstig, að því tilskildu að eigindlegt mat þeirra styðji þá niðurstöðu. Hvað varðar þessar litlu lánastofnanir ætti matið á grundvelli eigindlegra viðmiða einnig að vera framkvæmt þannig að meðalhófs sé gætt.
- 8) Til að tryggja árangur og skilvirkni matsins á áhrifunum af falli stofnunar á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, ætti skilgreiningin á meginlegum og eigindlegum viðmiðum að byggjast á skilyrðum og flokkun sem þegar hefur verið mælt fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽⁴⁾.
- 9) Samkvæmt 2. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu einkum auðkenndar sem slíkar m.a. á grundvelli stærðar þeirra, tengsla við fjármálakerfið, þess hve flóknar þær eru og starfsemi yfir landamæri. Þar sem þessi viðmið skarast að verulegu leyti við viðmiðin í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að geta ákvarðað að líklegt sé að fall kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu hafi verulega neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar án þess að þurfa framkvæma meginlegt mat.
- 10) Samkvæmt 3. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eru aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir enn fremur auðkenndar sem slíkar, m.a. á grundvelli stærðar þeirra, mikilvægis fyrir hagkerfi Sambandsins eða viðkomandi aðildarríkis, mikilvægis starfsemi þeirra yfir landamæri og tengsla við fjármálakerfið. Þar sem þessi viðmið eru mjög lík viðmiðunum í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að geta ákvarðað að líklegt sé að fall annarra kerfislega mikilvægra stofnana hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og aðstæður til fjármögnunar án þess að þurfa að framkvæma meginlegt mat.
- 11) Þá er þess krafist skv. 3. mgr. 107. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, að Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) gefi út viðmiðunarreglur um sameiginlegar verklagsreglur og aðferðafræði könnunar- og matsferlis (SREP) í samræmi við 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽⁵⁾. Krafist er að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir, sem þessum viðmiðunarreglum er beint til, leiti allra leiða til að hlíta þeim. Því ætti að taka tillit til flokkunar samkvæmt framangreindum viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í tengslum við matið

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Lögbær yfirvöld flokka stofnanir í fjóra flokka. Sá fyrsti (flokkur 1 í könnunar- og matsferli) samanstendur af kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu og öðrum mikilvægum stofnunum og, eftir því sem við á, öðrum stofnunum sem lögbært yfirvald flokkar sem slíkar á grundvelli stærðar þeirra, innra skipulags, eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi þeirra er. Til samræmis við það, ef hið lögbæra yfirvald hefur ákvarðað að stofnun falli innan „flokks 1 í könnunar- og matsferli“ ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að geta komist að þeirri niðurstöðu að líklegt sé að fall þeirrar stofnunar hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar án þess að þurfa að framkvæma meginlegt mat.

- 12) Til að tryggja samræmt mat á stofnunum er nauðsynlegt að tilgreina lágmarkslista yfir atriði sem lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að byggja á við framkvæmd á eigindlegu mati sínu, án þess það komi í veg fyrir að þau yfirvöld taki tillit til annarra atriða sem skipta máli. Lágmarkslisti yfir eigindleg atriði ætti að vísa til aðstæðna sem benda til að fall stofnunar gæti haft veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar.
- 13) Í ljósi fjölbreytileika verðbréfafyrirtækja sem falla undir tilskipun 2014/59/ESB og þarfarinnar á að grípa ekki inni í þá vinnu sem er í gangi á vettvangi Sambandsins við að endurskoða varfærniskröfur hvað varðar þessi fyrirtæki, ætti í þessari reglugerð einungis að tilgreina vísana sem lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að taka tillit til við mat á stærðarviðmiðum. Þau yfirvöld ættu að fastsetja vægið sem þessum vísam er úthlutað og ákvarða viðeigandi viðmiðunarmörk.
- 14) Stofnun sem tilheyrir samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (samstæða yfir landamæri) er mjög samtengd og starfsemi hennar er miklu flóknari en sjálfstæðra stofnana. Því er líklegt að áhrifin af falli stofnunar sem tilheyrir samstæðu yfir landamæri verði verulegri. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu því að draga þá ályktun að líklegt sé að fall stofnunar sem tilheyrir samstæðu yfir landamæri hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, ef það er niðurstaðan úr mati einstakra aðildarríkja þar sem samstæðan er með starfsemi. Til að ná þessu fram ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að samræma mat sitt og skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum, innan ramma bankamála Sambandsins og á vettvangi samstarfshópa eftirlitsaðila og skilaráða.
- 15) Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ættu að geta ákvarðað að ólíklegt sé að fall tiltekinna stofnana hafi veruleg neikvæð áhrif eins og um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB jafnvel þegar meginleg heildarstig þeirra ná hinu fyrirfram ákveðna viðmiðunarmarki. Ólíka meðferð þessara stofnana skal rökstyðja út frá sérstökum eiginleikum þeirra. Fyrsti slíki hópurinn samanstendur af stuðningsbönkum sem hafa þann tilgang að greiða fyrir opinberri stefnu ríkis- eða héraðsstjórnar aðildarríkis eða staðaryfirvalds, með því að veita stuðningslán án tillits til samkeppnis- eða hagnaðarsjónarmiða. Lánin sem þessar stofnanir veita eru beint eða óbeint tryggð af ríkis- eða héraðsstjórn eða staðaryfirvöldum. Því má líta á stuðningsbanka sem stofnanir sem ólíklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, komi til falls þeirra, að því tilskildu að sú niðurstaða sé í samræmi við eigindlegt mat sem framkvæmt er vegna þessara stuðningsbanka. Annar hópurinn samanstendur af lánastofnunum sem hafa farið í gegnum slitameðferð. Þar sem slitameðferð kemur venjulega í veg fyrir ný viðskipti má einnig líta á lánastofnanir sem hafa farið í gegnum slíkt ferli sem stofnanir sem ólíklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, komi til falls þeirra, að því tilskildu að þetta sé í samræmi við eigindlegt mat sem framkvæmt er vegna þessara lánastofnana.
- 16) Með hliðsjón af ólíkum tilgangi endurbótaáætlana og skilaáætlana ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld frá sama aðildarríki að geta komist að mismunandi niðurstöðum í mati sínu sem framkvæmt er í samræmi við þessa reglugerð. Einkum geta þau tekið ólíkar ákvarðanir þegar þau ákvarða viðmiðunarmörk fyrir meginleg heildarstig og beitt sérstakri meðferð fyrir stuðningsbanka og stofnanir sem falla undir slitameðferð sem og komist að mismunandi niðurstöðum um möguleikann á að veita einfaldaðar skyldur. Í þessum tilvikum ættu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld að meta reglulega hvort mismunurinn sé áfram réttlætunlegur.
- 17) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 18) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Megindlegt mat fyrir lánastofnanir

1. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skulu meta áhrif falls lánastofnunar á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar á grundvelli megindlegra heildarstiga sem reiknuð eru út í samræmi við I. viðauka. Þetta skulu þau að gera reglulega og a.m.k. á tveggja ára fresti.
2. Lánastofnun með megindleg heildarstig sem eru jöfn eða hærri en 25 skal teljast stofnun sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls hennar.
3. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld geta hækkað eða lækkað viðmiðunarmarkið sem um getur í 2. mgr., innan bilsins 0 til 105 heildarstig. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skulu endurskoða breytt viðmiðunarmark með reglubundnum hætti.
4. Ef gildi vísanna í I. viðauka eru ekki tiltæk skal matið sem um getur í 1. mgr. gert á grundvelli nálgunar sem samsvarar eins vel og mögulegt er vísunum sem tilgreindir eru í III. viðauka.
5. Ef lánastofnun fer ekki yfir viðmiðunarmarkið sem tilgreint er í 4. mgr. 5. gr. a framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 680/2014, og skilar ekki inn sniðmáti 20 á grundvelli þeirrar reglugerðar, geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld sett núllgildi á viðkomandi vísa sem tilgreindir eru í III. viðauka.
6. Ef heildareignir lánastofnunar fara ekki yfir 0,02% heildareigna allra starfsleyfis skyldra lánastofnana og, ef viðeigandi gögn eru tiltæk, útibúa með staðfestu í aðildarríkinu, þ.m.t. útibú stofnunar þriðja lands í aðildarríki, geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld, án þess að beita 1. til 5. mgr., slegið því föstu að ólíklegt sé að fall þeirrar lánastofnunar hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, nema það væri ekki réttlætjanlegt á grundvelli 2. mgr.
7. Ef lánastofnun hefur verið auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun skv. 1. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða verið flokkuð í flokk 1 á grundvelli viðmiðunarreglna um sameiginlegar verklagsreglur og aðferðafræði könnunar- og matsferlis sem gefnar voru út í samræmi við 3. mgr. 107. gr. þeirrar tilskipunar, geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld, án þess að beita 1. til 5. mgr. þessarar greinar, slegið því föstu að líklegt sé að fall þeirrar lánastofnunar hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir og aðstæður til fjármögnunar. Í öllum tilvikum skal áfram taka tillit til viðkomandi gilda vísanna fyrir þessar stofnanir til að ákvarða samanlögðu fjárhæðina sem um getur í 2. lið I. viðauka og til að ákvarða heildareignir allra lánastofnana með starfsleyfi í aðildarríkinu að því er varðar 6. mgr.

2. gr.

Eigindlegt mat fyrir lánastofnanir

1. Ef lánastofnun skv. 1. gr. telst ekki vera stofnun sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls hennar, skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld reglulega meta áhrif falls þeirrar stofnunar á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, a.m.k. á tveggja ára fresti og með hliðsjón af, hið minnsta, öllum eftirfarandi eigindlegum atriðum:
 - a) að hvaða marki lánastofnunin framkvæmir nauðsynlega starfsemi í einu eða fleiri aðildarríkjum,
 - b) hvort tryggðar innstæður lánastofnunarinnar yrðu hærri en tiltækir fjármunir viðkomandi innstæðutryggingakerfis og getu innstæðutryggingakerfisins til að hækka sérstök eftirágreidd viðbótariðgjöld eins og um getur í 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB ⁽⁶⁾,
 - c) hvort uppbygging hlutafjár í lánastofnuninni sé mjög samþjöppuð, mjög dreifð eða ekki nægjanlega gagnsæ sem gæti haft neikvæð áhrif á aðgengi eða tímanlega framkvæmd endurbóta- eða skilaaðgerða stofnunarinnar,

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

- d) hvort lánastofnunin, sem er meðlimur stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽⁷⁾, sinni nauðsynlegri starfsemi fyrir aðra meðlimi stofnanaverndarkerfisins, þ.m.t. greiðslujöfnun (e. *clearing*), fjárstýringu eða annarri þjónustu,
 - e) hvort lánastofnunin sé tengd miðlægri stofnun eins og um getur í 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og hvort gagnkvæm dreifing tapa meðal tengdra stofnana muni valda töluverðum annmörkum við hefðbundna ógjaldfærimeðferð.
2. Matið sem um getur í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld framkvæma sjálfstætt með hliðsjón af markmiðunum sem stefnt er að með gerð endurbóta- og skilaaætlana.
 3. Matið sem um getur í 1. mgr. má framkvæma fyrir flokk lánastofnana ef viðkomandi lögbært yfirvald eða skilastjórnvald kemst að þeirri niðurstöðu að tvær eða fleiri lánastofnanir séu með svipuð einkenni með tilliti til allra eigindlegra atriða sem sett eru fram í 1. mgr.

3. gr.

Megindlegt mat fyrir verðbréfafyrirtæki

1. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skulu reglulega meta áhrif falls verðbréfafyrirtækis á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, a.m.k. á tveggja ára fresti og á grundvelli:
 - a) útreiknings meginlegra heildarstiga á grundvelli vísanna sem um getur í II. viðauka,
 - b) vægisins sem lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld gefa þessum vísunum.
2. Gildi vísanna skal ákvarðað á grundvelli þeirra skilgreininga sem tilgreindar eru í III. viðauka. Ef gildi vísanna í II. viðauka eru ekki tiltæk skal matið sem um getur í 1. mgr. gert á grundvelli nálgunargildanna sem samsvara eins vel og mögulegt er vísunum sem tilgreindir eru í III. viðauka. Ef nálgunargildi eru ekki tiltæk geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skipt vísunum, sem um getur í II. viðauka, út fyrir aðra viðeigandi vísa.
3. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skulu ákvarða viðmiðunarmarkið fyrir útreikning meginlegra heildarstiga.
4. Verðbréfafyrirtæki sem fær meginleg heildarstig sem eru jöfn eða hærri en viðmiðunarmarkið sem um getur í 3. mgr. skal teljast stofnun sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls hennar.
5. Ef verðbréfafyrirtæki hefur verið auðkennt sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða önnur kerfislega mikilvæg stofnun í samræmi við 1. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eða verið flokkuð í flokk 1 á grundvelli viðmiðunarreglna um sameiginlegar verklagsreglur og aðferðafræði fyrir könnunar- og matsferli sem gefnar voru út í samræmi við 3. mgr. 107. gr. þeirrar tilskipunar, geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld, án þess að beita 1. til 4. mgr. þessarar greinar, slegið því föstu að líklegt sé að fall þeirrar stofnunar hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar.

4. gr.

Eigindlegt mat fyrir verðbréfafyrirtæki

1. Ef verðbréfafyrirtæki telst ekki vera stofnun sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls hennar, skv. 3. gr., skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld reglulega meta áhrif falls þess verðbréfafyrirtækis á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar, a.m.k. á tveggja ára fresti og með hliðsjón af, hið minnsta, öllum eftirfarandi eigindlegum atriðum:
 - a) að hvaða marki verðbréfafyrirtækið framkvæmir nauðsynlega starfsemi í einu eða fleiri aðildarríkjum,
 - b) hvort uppbygging hlutfjárj í verðbréfafyrirtækinu sé mjög samþjöppuð, mjög dreifð eða ekki nægjanlega gagnsæ þannig að það gæti haft neikvæð áhrif á tiltækileika eða tímanlega framkvæmd endurbóta- eða skilaaðgerða stofnunarinnar,

(7) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

- c) hvort verðbréfafyrirtæki, sem er meðlimur stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sinni nauðsynlegri starfsemi fyrir aðra meðlimi stofnanaverndarkerfisins, þ.m.t. greiðslujöfnun (e. *clearing*), fjárstýringu eða annarri þjónustu,
 - d) hvort meirihluti viðskiptavina verðbréfafyrirtækisins séu almennir fjárfestar eða fagfjárfestar,
 - e) að hvaða marki peningar og fjármálagerningar í vörslu verðbréfafyrirtækisins fyrir hönd viðskiptavina séu ekki að fullu varðir af tryggingakerfi [áður þýtt sem bótakerfi] fyrir fjárfesta sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB ⁽⁸⁾,
 - f) flækjustigi viðskiptalíkans verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. umfangi fjárfestingastarfsemi þess.
2. Matið sem um getur í 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld framkvæma sjálfstætt með hliðsjón af markmiðunum sem stefnt er að með gerð endurbóta- og skilaáætlana.

5. gr.

Stofnanir sem tilheyra samstæðum

1. Hvað varðar stofnun sem tilheyrir samstæðu skal framkvæma matið sem um getur í 1. til 4. gr. á grunni móðurfyrirtækis í aðildarríkinu þar sem stofnunin hefur fengið starfsleyfi.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal matið, sem um getur í 1. til 4. gr. þessarar reglugerðar fyrir stofnun sem tilheyrir samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit að því er varðar 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, framkvæmt á eftirfarandi grunni:
 - a) grunni móðurfyrirtækis í Sambandinu,
 - b) grunni hvers móðurfyrirtækis í aðildarríki eða, ef ekki er um neitt móðurfyrirtæki í aðildarríki að ræða, grunni hvers sjálfstæðs dótturfélags samstæðunnar í aðildarríki.
3. Stofnanir sem tilheyra samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit skv. 111. og 112. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skulu teljast stofnanir sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls þeirra, ef eitthvað eftirfarandi á við á þeim stígum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar:
 - a) stofnunin er með meginleg heildarstig sem eru jöfn eða hærri en viðmiðunarmarkið sem lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld ákvarða skv. 3. mgr. 1. gr. eða 3. mgr. 3. gr.,
 - b) viðmiðin í 1. mgr. 2. gr. eða 1. mgr. 4. gr. eru uppfyllt.
4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda um stofnanir sem falla undir skilaskyldu endurbótaáætlunar eins og um getur í b-lið 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.
5. Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld skulu samhæfa matið sem um getur í þessari grein og skiptast á öllum nauðsynlegum upplýsingum innan ramma eftirlits- og skilaráða.

6. gr.

Mat á stuðningsbönkum

- Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld geta litið á stuðningsbanka, samkvæmt skilgreiningunni í 27. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 ⁽⁹⁾, sem stofnanir sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls þeirra, án þess að beita 2. og 7. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 5. gr., ef eiginlegu atriðin í 1. mgr. 2. gr. eru ekki uppfyllt á neinum eftirfarandi grunni:
- a) grunni móðurfyrirtækis í Sambandinu,
 - b) grunni hvers móðurfyrirtækis í aðildarríki eða, ef ekki er um neitt móðurfyrirtæki í aðildarríki að ræða, grunni hvers sjálfstæðs dótturfélags samstæðunnar í aðildarríki.

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta (Stjttíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22).

⁽⁹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar (Stjttíð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 44).

*7. gr.***Mat á lánastofnunum sem falla undir skipulega slitameðferð**

Lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld geta litið á lánastofnanir sem falla undir slitameðferð sem stofnanir sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á fjármálamarkaði, aðrar stofnanir eða aðstæður til fjármögnunar komi til falls þeirra, án þess að beita 2. og 7. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 5. gr., ef eiginlegu atriðin í 1. mgr. 2. gr. eru ekki uppfyllt á neinum eftirfarandi stigum:

- a) grunni móðurfyrirtækis í Sambandinu,
- b) grunni hvers móðurfyrirtækis í aðildarríki eða, ef ekki er um neitt móðurfyrirtæki í aðildarríki að ræða, grunni hvers sjálfstæðs dótturfélags samstæðunnar í aðildarríki.

*8. gr.***Mat lögbærra yfirvalda og skilastjórnvalda frá sama aðildarríki**

Með tilliti til mismunandi tilgangs með gerð endurbóta- og skilaáætlana geta lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld frá sama aðildarríki komist að mismunandi niðurstöðum að því er varðar beitingu 1., 4., 6. og 7. gr., en í því tilviki skulu þau meta reglulega hvort þessar mismunandi niðurstöður séu áfram réttlætanager.

*9. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Tafla 1

Vísar og vægi til að reikna út meginleg heildarstig fyrir lánastofnanir

Viðmið	Vísir fyrir lánastofnanir	Vægi
Stærð	Heildareignir	25%
Tengsl	Skuldbindingar innan fjármálakerfis	8,33%
	Eignir innan fjármálakerfis	8,33%
	Útistandandi skuldabréf	8,33%
Umfang og margbreytileiki starfseminnar	Virði OTC-afleiða (grundvallarfjárhæð)	8,33%
	Skuldbindingar yfir landamæri	8,33%
	Kröfur yfir landamæri	8,33%
Tegund starfsemi	Innstæður einkaaðila innan Sambandsins	8,33%
	Útlán til einkaaðila innan Sambandsins	8,33%
	Virði innlendra greiðslumiðlunar	8,33%

1. Fyrir hvern vísi sem skráður er í töflu 1 skal ákvarða samsvarandi gildi með því að nota skilgreiningarnar sem gefnar eru í III. viðauka.
2. Deila skal í gildi vísanna fyrir hverja lánastofnun með summu gilda samsvarandi vísa fyrir allar lánastofnanir með starfsleyfi í aðildarríkinu og, ef viðkomandi gögn eru tiltæk, útibú með staðfestu í hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t. útibú stofnunar þriðja lands með staðfestu í því aðildarríki.
3. Hlutföllin, sem verða niðurstaðan, skal margfalda með 10 000 til að sýna heildarstig vísanna.
4. Heildarstig vísisins skulu margfölduð með væginu sem hverjum vísi er úthlutað, eins og sett er fram í töflu 1.
5. Meginleg heildarstig skulu vera summa allra stiga veginna vísa.

2. VIÐAUKI

Tafla 2

Vísar fyrir verðbréfafyrirtæki

Viðmið	Vísir fyrir verðbréfafyrirtæki
Stærð	Heildareignir
	Skuldbindingar samtals
	Heildar þóknana- og umsýslutekjur
	Eignir í stýringu

3. VIÐAUKI

Tafla 3

Skilgreiningar vísa

Vísir	Umfang	Skilgreiningar
Heildareignir	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 01.01, lína 380, dálkur 010
Skuldir samtals	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 01.02, lína 300, dálkur 010
Heildar þóknana- og umslutekjur	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 02.00, lína 200, dálkur 010
Eignir í stýringu	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 22.02, lína 010, dálkur 010
Skuldbindingar innan fjármálakerfis	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.06, línur 020 + 030 + 050 + 060 + 100 + 110, dálkur 010, Öll lönd (z-ás)
Eignir innan fjármálakerfis	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.04, línur 020 + 030 + 050 + 060 + 110 + 120 + 170 + 180, dálkur 010, Öll lönd (z-ás)
Útistandandi skuldabréf	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 01.02, línur 050 + 090 + 130, dálkur 010
Virði OTC-afleiðna (grundvallarfjárhæð)	Á heimsvísu	FINREP (IFRS) → F 10.00, línur 300 + 310 + 320, dálkur 030 + F 11.00, línur 510 + 520 + 530, dálkur 030 FINREP (IFRS) → F 10.00, línur 300 + 310 + 320, dálkur 030 + F 11.00, línur 510 + 520 + 530, dálkur 030
Skuldbindingar yfir landamæri	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.06, línur 010 + 040 + 070, dálkur 010, Öll lönd nema heimalandið (z-ás) Athugasemd: Í reiknaða gildinu ætti að undanskilja i. skuldbindingar innan samstæðu og ii. skuldbindingar erlendra útibúa og dótturfyrirtækja gagnvart mótaðilum í sama gistilandi
Kröfur yfir landamæri	Á heimsvísu	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.04, línur 010 + 040 + 080 + 140, dálkur 010, Öll lönd nema heimalandið (z-ás) Athugasemd: Í reiknaða gildinu ætti að undanskilja i. eignir innan samstæðu og ii. eignir erlendra útibúa og dótturfyrirtækja gagnvart mótaðilum í sama gistilandi
Innstæður einkaaðila innan Sambandsins	Eingöngu Sambandið	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.06, línur 120 + 130, dálkur 010, Lönd Sambandsins (z-ás)
Útlán til einkaaðila innan Sambandsins	Eingöngu Sambandið	FINREP (IFRS eða GAAP) → F 20.04, línur 190 + 220, dálkur 010, Lönd Sambandsins (z-ás)
Virði innlendarar greiðslumiðlunar	Á heimsvísu	Greiðslur framkvæmdar á því ári sem skýrslugjöfin varðar (nema greiðslur innan samstæðu): þessi vísir er reiknaður út sem virði greiðslna bankans sem sendar eru í gegnum öll helstu greiðslukerfi sem hann á aðild að.

Vísir	Umfang	Skilgreiningar
		<p>Tilkynna þarf um vergt heildarvirði allra greiðslna í reiðufé sem viðkomandi aðili sendir í gegnum stórgreiðslukerfi og vergt virði allra greiðslna í reiðufé sem sendar eru gegnum samskiptabanka (t.d. með því að nota samskipta- eða nostroreikning) á því ári sem skýrslugjöfin varðar og í hverjum einstökum gjaldmiðli. Tilkynna ætti um allar greiðslur sem sendar eru fyrir milligöngu samskiptabanka án tillits til þess hvernig samskiptabankinn gerir upp viðskiptin. Ekki skal taka með viðskipti innan samstæðu (þ.e. viðskipti innan eða milli aðila í sömu samstæðu og viðkomandi aðili). Ef nákvæmar samtölur eru ekki tiltækar má tilkynna það ofmat sem þekkt er.</p> <p>Greiðslur ætti að tilkynna án tillits til tilgangs, staðar eða uppgjörsaðferðar. Þetta á við um, en takmarkast ekki við, greiðslur í reiðufé sem tengjast afleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og viðskiptum með erlendan gjaldeyri. Ekki skal taka með virði á liðum sem ekki eru í reiðufé, sem gerðir eru upp í tengslum við þessi viðskipti. Taka skal með greiðslur í reiðufé fyrir hönd gagnaskilaeiningar, sem og þær sem gerðar eru fyrir hönd viðskiptavina (þ.m.t. fjármálastofnana og annarra viðskiptavina úr atvinnulífínu). Ekki skal taka með greiðslur sem inntar eru af hendi gegnum smásölugreiðslukerfi.</p> <p>Eingöngu skal taka með útgreiðslur (þ.e. undanskilja á mótteknar greiðslur). Taka skal með greiðslurnar sem inntar eru af hendi fyrir milligöngu sítengds uppgjörskerfis (e. <i>Continuous Linked Settlement, CLS</i>). Ef greiðslur eru ekki gerðar fyrir milligöngu sítengds uppgjörskerfis skal ekki taka með virði hreinna heildsöluútgreiðslna, jafnvel þó að viðskiptin hafi verið gerð upp á hreinum grunni (þ.e. allar heildsölugreiðslur í gegnum stórgreiðslukerfi eða umboðsaðila verður að tilkynna á vergum grunni). Smásölugreiðslur sendar fyrir milligöngu stórgreiðslukerfa eða í gegnum umboðsaðila má tilkynna á hreinum grunni.</p> <p>Tilkynna skal virði í evrum með því að nota opinbert gengi sem tilgreint er á http://ec.europa.eu/budget/contracts_grants/info_contracts/inforeuro/inforeuro_en.cfm (fyrir mánaðargengi) eða http://www.ecb.europa.eu/stats/exchange/eurofxref/html/index.en.html (fyrir dagsgengi).</p>